

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Grundarfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Grundarfjarðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Hið sama gildir um fasteignir þar sem rotþrær hafa verið settar upp og sveitarfélagið þjónustar.

2. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarástofni fasteigna í A-flokki og 0,35% af álagningarástofni fasteigna í B- og C-flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatt.

Skráður eigandi fasteignar skv. matsskrá Fasteignaskrár Íslands ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigenda-skipta. Fráveitugjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hinn 11. nóvember 2010, staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. ákvæði samþykktar um fráveitur í Grundarfirði nr. 234/2007 og gildir frá og með 1. janúar 2011.

Grundarfirði, 19. nóvember 2010.

Björn Steinar Pálason bæjarstjóri.